

## Skólanámskrá

**Bekkur: 7. bekkur**

**Námsgrein: Stærðfræði**

**Ábyrgð**



**Virðing**

**Velliðan**

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<b>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína bæði munnlega og skriflega.</li> <li>leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með skapandi hugsun, ígrundun og formlegri röksemdarfærslu.</li> <li>tengt saman upplýsingar og beitt rökhusun við úrlausn dæma.</li> <li>beitt skipulögðum aðferðum við lausn verkefna og þrauta.</li> </ul>	Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.	Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.	Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.  Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.
<b>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar.</li> <li>valið og notað hentug verkfæri, eins og reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> <li>túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur.</li> </ul>			

<p><b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur</li> <li>• fundið fjölbreyttar lausnaleyðir.</li> </ul>			
<p><b>Tölur og reikningur</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga.</li> <li>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu.</li> <li>• notað samhengi og tengsl reikniaðgerðanna.</li> <li>• sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.</li> <li>• notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</li> <li>• notað algengar reiknireglur , s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.</li> </ul>			
<p><b>Rúmfræði og mælingar</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir.</li> <li>• rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form.</li> <li>• tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.</li> <li>• áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.</li> <li>• speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum.</li> <li>• teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir.</li> </ul>			

	<ul style="list-style-type: none"><li>• áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum og fundið viðeigandi aðferðir til að reikna það.</li></ul>			
<b><i>Tölfræði og líkindi</i></b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• safnað og unnið úr gögnum, lesið þau, útskýrt og miðlað upplýsingum m.a. með töflum og myndritum.</li><li>• gert tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.</li><li>• reiknað út líkur í einföldum tilvikum.</li></ul>			